

REGLUR

**um breytingu á reglum um val stúdenta til náms í
hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.**

1. gr.

Fyrsta málsgrein 3. gr. reglna nr. 502/2002, um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands, breytist og verður svohljóðandi:

Prófað verður úr fjórum námskeiðum. Vægi þeirra er ákveðið af deildarfundum að fengnum tillögum námsnefndar. Vægi þeirra er sem hér segir:

Félagsfræði	25%
Lífefnafræði	25%
Líffærafræði	25%
Sálfræði	25%

2. gr.

Orðin „4,0 í efnafræði.“ í 7. mgr. 127. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, falla brott.

3. gr.

Reglur þessar eru settar að tillögu deildarfundar í hjúkrunarfræðideild og að fengnu samþykki háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og 3. mgr. 127. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Breytingin gildir frá og með haustmisseri 2003.

Háskóla Íslands, 22. desember 2003.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.